

Miðvikudagur 5. September 2024

Mætt: Guðbrandur, Gylfi, Sigríður, Valgerður gjaldkeri NFMH og Benedikt Freyr varaforseti NFMH og Þórunn félagsmálafulltrúi.

Fundur settur kl 17:35

Valgerður og Benedikt fóru yfir næstu vikur og mánuði í félagslífinu.

- Oddvitar og gjaldkerar í öllum ráðum sátu undirbúningsnefnd fyrir veturinn og öll ráð hafa fengið vikur sem þau geta haldið viðburði og verður mikið skemmtilegt framundan í félagslífinu.
- Rætt um styttingu náms í 3 ár – miklar og góðar umræður.
- Rætt um ofbeldismenningu og vopnaburð, hvað er hægt að gera? Rætt um samtalið og samveruna hvað hún skiptir miklu máli og deila kærleika og umhyggju.

Foreldraráð benti einnig á að auglýsa viðburði betur og tímanlega og þau tóku vel í það. Stjórn foreldrafélagsins þakkar fyrir góða kynningu.

Rætt um að færa tenginguna – foreldrarad@mh.is þarf að færa á Þórunni forvarnar- og félagsmálafulltrúa og hún deilir áfram á stjórnina. Þórunn fer í málið.

31. október – fimmtudagur - Þorgrímur Þráinsson kemur með sameiginlega fræðslu fyrir foreldra í MH og Kvennó á Miklagarði um kvöldið og nemendur skólanna fá einnig fræðslu um morguninn þ.e. kl 11:45 í MH þar sem kennarar fylgja þeim inn á Miklagarð. Fá stjórn NFMH með í lið að auglýsa viðburðinn.

Samþykkt að færa aðalfund í janúar. Og kynna vel fyrir foreldrum og forsjáraðilum. Var fámenn í fyrra. Fulltrúar ráðsins vilja fá skemmtilegt erindi til að fá foreldra til að mæta á aðalfundinn. Finna dagsetningu sem fyrst.

Hvetja foreldra 18+ til að skoða pósta sem skólinn er að senda frá sér

<https://www.mh.is/is/skolinn/nemendur-og-forsjaradilar/tolvupostar-til-nemenda> setja inn á facebooksíðuna.

Skólanefndarfundur verður 11. september og Guðbrandur mætir fyrir hönd Sigríðar sem kemst ekki.

Fundi slitið 19:15

Ritari

Þórunn Þórarinsdóttir

